

GÆÐAKERFI BYGG-KERFISINS

HVERNIG ÞÚ STOFNAR GÆÐAKERFI Í BYGG-KERFINU OG HELDUR ÞVÍ VIÐ.

Inngangur

Gæðastjórnun felst í að tryggja að vörur og þjónusta uppfylli væntingar og kröfur viðskiptavina sem og aðrar kröfur sem gerðar eru, t.d. í lögum og í reglugerðum.

Hér er sagt frá því hvernig gæðakerfi BYGG-kerfisins eru stofnuð og hvernig þeim er fylgt eftir.

Fimm gerðir af gæðakerfum eru í BYGG-kerfinu og er uppbygging þeirra í öllum tilvikum eins, á meðan innihaldið er mismunandi. Gæðakerfin geta þó orðið mun fleiri. Í einu verki geta þau t.d. orðið jafnmörg og einstaklingarnir eru sem ábyrgjast einstaka lögbundna eða samningsbundna verkþætti í verkinu. Þannig geta hönnuðir, t.d. arkitektar, hönnuðir burðarvirkis, hönnuðir lagna osfrv., verið hver með sitt gæðakerfi og svipað á við um iðnmeistara.

Hönnunarstjóri hvers verks er hins vegar ætíð einn og sama gildir um byggingarstjóra verksins.

Gæðakerfin eru annað hvort gæðakerfi fyrirtækis, eða gæðakerfi einstaklings. Ef um er að ræða gæðakerfi fyrirtækis, þá vinna starfsmenn fyrirtækisins undir því gæðakerfi, enda hafi þeir til þess réttindi. Aðrir sem til þess hafa réttindi geta einnig unnið undir gæðakerfi fyrirtækis, enda skrái viðkomandi fyrirtæki þá í gæðakerfi sínu sem réttihafa, með þeirra samþykki.

Fyrirtækinu ber þá að senda Mannvirkjastofnun upplýsingar um þá starfsmenn sem vinna undir gæðakerfi þess og undir hvaða tegundar gæðakerfis þeir vinna.

Lögð er sú skylda á notendur gæðakerfanna að þeir stundi innra eftirlit með gæðakerfi sínu og yfirfari það í þeim tilgangi a.m.k. einu sinni á ári. Notendur BYGG-kerfisins geta í þessum tilgangi nýtt sér „Draumahúsið“, þ.e. borið saman sitt kerfi og kerfi Draumahússins. Þar er kerfið þróað og því viðhaldið af höfundum gæðakerfanna. Höfundar viðhalda og þróa þá þætti gæðakerfanna sem notendur komast ekki að til breytinga, en því sem notendur komast að til að breyta, halda þeir sjálfir við.

Notendur geta sjálfir einnig þróað ýmislegt í gæðakerfunum, t.d. vegna breytinga í Mannvirkjalögum, byggingarreglugerð og vegna breytinga á tilvísunum í gögn sem finna má í gæðakerfunum. Einnig vegna breytinga sem verða á því hvaða einstaklingar eru ábyrgir sem réttihafar fyrir gæðakerfunum (í fyrirtækjakerfum).

Gæðakerfin eru því opin fyrir slíkri þróun og er hún unnin frá sama stað og þau voru stofnuð í BYGG-kerfunum, þ.e. frá kaflanum „Gæðakerfi – Skráning og viðhald“.

Stofnun og viðhald gæðakerfanna

Gæðakerfin eru stofnuð óháð verkum undir skipuninni „Gæðakerfi – Stofnun og viðhald“ frá valinu „Heim“ í BYGG-kerfinu. Frá þessum sama stað er gæðakerfunum einnig viðhaldið og þar eru gerðar breytingar á gæðakerfunum þegar og ef það er gert (innra eftirlit).

Athugið að notendur fá þarna sjálfkrafa tillögur að gæðakerfunum sem fylgja BYGG-kerfinu. Þessar



tillögur hafa verið yfirfarnar og samþykktar af Mannvirkjastofnun.

Þarna er einnig farið inn í gæðakerfin til að sýna eftirlitsaðila Mannvirkjastofnunar að innra eftirlit gæðakerfanna hafi verið framkvæmt, þ.e. að breytingar hafi verið gerðar á þeim í samræmi við breytingar á lögum, reglugerðum og að tilmælum eftirlitsaðila Mannvirkjastofnunar. Innra eftirlit skal fara fram a.m.k. árlega að kröfum Mannvirkjastofnunar.

Gæðakerfi verktaka er frábrugðið hinum gæðakerfum BYGG-kerfisins að því leyti að það er ekki lögbundið og fellur því ekki undir þessa lýsingu að því leyti, en lýsing þess er að öðru leyti eins.

Uppbygging gæðakerfanna

Hverju gæðakerfi er skipt upp í fjóra flokka, eins og sýnt er á mynd hér til hægri, þ.e. Almennan flokk, Flokk A, Flokk B og Flokk C. Fyrstu þrjú flokkarnir innihalda það gæðakerfi sem leggja þarf fyrir Mannvirkjastofnun til samþykktar þegar um er að ræða lögbundið gæðakerfi, en það á við um öll gæðakerfin nema gæðakerfi verktaka.

Í flokkunum eru mismargir þættir sem lýsa hverju gæðakerfi lið fyrir lið og sem mynda þannig í heild sinni viðkomandi gæðakerfi.

ALMENNI FLOKKURINN

Almenni flokkurinn inniheldur efnisyfirlit gæðakerfisins, dagsetningu, stað til að opna á aðgang Mannvirkjastofnunar (eftirlitsaðila) að kerfinu á netinu og svæði fyrir grunnupplýsingar verka sem notast þegar verk er skráð undir gæðakerfið. Þar er skráður ábyrgðaraðili gæðakerfisins og faglegur réttthafi þess, sem er sami aðillinn ef um er að ræða einstaklingskerfi. Þar er að finna skýringar með gæðakerfinu og leiðbeiningar yfir notkun þess og þar eru færðar inn upplýsingar um réttindi og nám réttthafa ofl. og skráð samskipti ábyrgðaraðila við mannvirkjastofnun og öll leyfisskyld verk sem unnin hafa verið á hans ábyrgð.

Tillaga fylgir að útfyllingu þessara þátta gæðakerfanna að undanskildum upplýsingum um réttindi réttthafa og upplýsingum um samskipti ábyrgðaraðila við Mannvirkjastofnun. Það tvennt byggist á upplýsingum viðkomandi aðili og verður ekki fyllt út án þess að þær liggja fyrir.

FLOKKUR A

Í flokki A eru þættir sem eiga að vera í gæðakerfinu samkvæmt Mannvirkjalögum og byggingarreglugerð. Í yfirskrift hvers þátta kemur fram hvað er fjallað um í þættinum, sem er síðan gerð tillaga að í texta. Þessa tillögu má nota, breyta eða færa inn nýja. Til frekari skýringar má bæta við gögnum og til þess er notuð skipunin „Bæta við skrá“.

Þættir í flokki A eru eingögnu unnir í gæðakerfinu sjálfu.

FLOKKUR B

Í flokki B eru á sama hátt þættir sem eiga að vera í gæðakerfinu samkvæmt Mannvirkjalögum og byggingarreglugerð og eru yfirfarnir og unnir á sama hátt. Til viðbótar því eru í þessum flokki tilvísanir í gögn sem eru í BYGG-kerfinu. Með þessu móti getur notandinn sloppið við tvífærslur gagna og sparað sér vinnu og aukið öryggi gagnanna, sem minnkar við tvískráningu þeirra.

Þættir í flokki B eru unnir í gæðakerfinu sjálfu á sama hátt og í flokki A og einnig vísað í gögn á öðrum stöðum í BYGG-kerfinu.



Þetta er jafnframt ástæðan fyrir því að gæðakerfin verða ekki notuð sem sjálfstæð gæðakerfi utan BYGG-kerfisins.

FLOKKUR C

Kalla má þennan flokk aukaflokk, en hann er ætlaður til að færa inn sérkröfur verkkaupa til gæðakerfisins, ef vilji er til þess og á þá við einstök verk þar sem það kemur upp. Þennan flokk þarf ekki að fá samþykktan hjá Mannvirkjastofnun, en kröfur hans mega ekki stangast á við samþykkt gæðakerfi.

Með því að velja nafn þáttarins opnast á innihald hans og má þá skoða hann og/eða vinna með hann. Með því að velja annan þátt þá lokast á þann fyrri og þannig koll af kalli. Þetta gefur góða yfirsýn yfir þættina í flokknum, þar sem allir þættir hans sjást í einu á skjánum og ekki þarf að fletta upp og niður marga skjái til að finna það sem verið er að leita að hverju sinni. Þetta á við um flokkana A, B og C.

Hver þáttur er í tveimur þrepum þar sem þrep 1 sýnir gæðakerfið sjálft og er stofnað og viðhaldið í gegnum áður nefnda skipun „Gæðakerfi – Stofnun og viðhald“ á meðan skráning hvers verks fer fram í þrepi 2 og verður því þrepi lýst hér á eftir.

Hafa ber í huga að gæðakerfin eru ætíð á ábyrgð ábyrgðaraðila (oftast skráðs notanda).

Gæðahandbókin (gæðakerfið) er lögð fyrir Mannvirkjastofnun til samþykktar og eftir samþykki stofnunarinnar þá gildir hún fyrir öll verk ábyrgðaraðilans þar til henni er breytt. Gæðakerfið er bundið þeirri kennitölu sem það er skráð undir, gæðakerfi fyrirtækis eða gæðakerfi einstaklings.

Bæði gæðakerfin sjálf og eftirfylgni þeirra, þ.e. innra eftirlit og skráning einstakra verka, skulu ætíð vera aðgengileg til eftirlits Mannvirkjastofnunar eða eftirlitsaðila á vegum stofnunarinnar. Það á þó ekki við um gæðakerfi verktaka eins og áður er sagt, þar sem það er ekki lögbindið.

ÞREP 1 - STOFNUN GÆÐAKERFA



Stofnun	Nafn	Stofnun	Hæðingur	Stofnun
BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið
BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið
BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið
BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið
BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið
BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið
BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið
BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið
BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið	BYGG-Kerfið

Fyrsta skref þess sem ætlar að koma sér upp gæðakerfi er að skoða hvaða leið sé best til þess. Hlutverk gæðakerfis er að tryggja skilgreind gæði verksins. Í byggingarframkvæmdum hafa þessi gæði m.a. verið skilgreind í lögum, t.d. í Mannvirkjalögum og síðan einnig í byggingarreglugerð.

Hægt er að koma sér upp gæðakerfi á eigin vegum eða leita til aðila sem bjóða upp á slík gæðakerfi.

Þeir sem nota BYGG-kerfið fá í hendur tillögu að slíku gæðakerfi, uppsettu og með þeim þáttum sem gæðakerfið á að innihalda. Einnig skráningarform til að fylgja gæðakerfunum eftir, sjá 2. þrep hér á eftir.

Þessar tillögur hafa verið lagðar fyrir og samþykktar af eftirlitsaðilum Mannvirkja-stofnunar og kosta notanda kerfisins ekkert aukalega.

Eftir að notandi hefur skráð sig inn í BYGG-kerfið sér hann m.a. valhnappinn „Gæðakerfi – Stofnun og viðhald“, en þar eru gæðakerfin stofnuð. Við val á honum er komið inn á skjá sem nefnist „Útbúa nýtt gæðakerfi“ og byrjað á að velja tegund gæðakerfis í flettiglugga. Þar á eftir er valið á milli þess að skrá gæðakerfið sem gæðakerfi fyrirtækis eða gæðakerfi einstaklings.

Þar næst er kennitala og nafn ábyrgðaraðila gæðakerfisins skráð, sem getur verið fyrirtæki eða einstaklingur, eins og áður er nefnt.

Alltaf má finna valhnappinn „Gæðakerfi – Stofnun og viðhald“ með því að velja „Heim“ efst á skjánum.

Ef um er að ræða fyrirtækiskerfi þá er hakað við það og nafn þess og kennitala skráð sem ábyrgðaraðila og einnig er skráður sá einstaklingur sem verður faglega ábyrgur (rétthafi) í gæðakerfinu og hefur réttindi og vilja til að sinna því starfi á ábyrgð fyrirtækisins. Skrá má fleiri einstaklinga sem rétthafa gæðakerfisins og er þá valið á milli þeirra sem rétthafa í einstökum verkum. Verður komið að því betur hér á eftir.

Um leið og einstaklingurinn er skráður er fyllt út í reitinn Staðfesting á hæfni einstaklingsins til að sinna sínu hlutverki.

Ef um er að ræða einstaklingskerfi þá er hakað við það og hverfur þá skráningarreitir fyrirtækis og nafn einstaklingsins skráð sem ábyrgðaraðila. Með þeirri skráningu er einstaklingurinn skráður saem ábyrgðaraðili kerfisins og einnig sem faglega ábyrgur (rétthafi) aðili í gæðakerfinu. Að öðru leyti er skráningin eins.

Í báðum tilvikum er gerð er grein fyrir menntun og réttindum einstaklingsins (rétthafans) í glugga sem birtist þegar hann er skráður.

Sami einstaklingur getur verið rétthafi fleiri gerða af gæðakerfum t.d. sem hönnuður og hönnunartjóri.

Að þessu gerðu er gæðakerfið vistað. Birtist þá gæðakerfið í línu neðst á skjánum ásamt öðrum gæðakerfum sem hafa verið stofnuð áður, ef um það er að ræða.

Ábyrgðaraðili gæðakerfisins (fyrirtæki eða einstaklingur) fer nú yfir gæðakerfið til að ganga úr skugga um að hann sé sáttur við það sem þar kemur fram og breyta, ef hann er ekki sáttur við eitthvað þar.

Þetta gerir hann með því að velja skipunina „Nánar/breyta“ úr listanum neðst á skjánum og fær þá upp formið fyrir skráningu á samskiptum sínum við Mannvirkjastofnun og reitinn Listi leyfisskyldra veka (gildir ekki fyrir gæðakerfi verktaka). Hann breytir þeim texta er þar ef honum sýnist svo og skráir þar það sem hugsanlega vantar upp á.

Síðan fer hann inn á skipunina „Skoða/breyta“ og er við það kominn inn í Almenna flokkinn í gæðakerfinu.

Þar færir hann inn dagsetningu og hakar við að veita Mannvirkjastofnun eftirlitsaðgang. Sá aðgangur er á netinu. Annað færir hann ekki inn eða breytir í þessum flokki gæðakerfisins.

Nafn ábyrgðaraðila og rétthafa koma þarna sjálfkrafa fram og tegund gæðakerfis (fyrirtæki eða einstaklingur).

Þar næst velur hann annan flokk, t.d. flokk A og skoðar alla þætti flokksins og breytir þar lýsingu ef honum sýnist svo og vistar síðan breytingarnar (muna eftir því).

Þetta gerir hann við hina flokkana á sama hátt. Að því búnu er gæðakerfið tilbúið til að leggja það fyrir eftirlitsaðila Mannvirkjastofnunar til yfirferðar og sækja síðan um samþykki þess hjá Mannvirkjastofnun í framhaldi af því.




The screenshot shows a web form titled "Gæðakerfi". It has a section for "Skráning einstaklings" (Person registration) with a note: "Hér eru einstaklingar skráðir og geta þeir annalítt vett ábyrgðaraðila eða rétthafa ávísanna þekktar." Below this is a section for "Nýja einstaklingur (ábyrgðaraðili eða rétthafi)" (New person (responsible or owner)). The form contains several input fields: "Kennitala" (ID number) with the value "90090-9009", "Nafn" (Name) with "Stjórnmaður 1", "Gæðingur eða ábyrgðaraðili" (Responsible person or owner) with "Eygjarnardóttir", and "Staðfesting á hæfni einstaklings" (Confirmation of person's competence) with "Eins". There are also sections for "Endurskoðun" (Review), "Lögilding" (Validity), "Stærðbygging" (Construction), "Stærðir vegna verkis einstaklingsins" (Dimensions for the person's work), and "Önnur vegna verkis einstaklingsins" (Other for the person's work). A note at the bottom says: "Stærðir af verkum þessa einstaklings og breytingar á menntun og réttindum hans verður skráð hér og vistar göggn um aðstoða þá þetta er hæð hans fram." At the bottom right, there is a "Bæta við skrá" (Add to list) button. At the bottom left, there are "Vista" (Save) and "Hætta við" (Cancel) buttons.

SKRÁNING Í ÞREPI 2 – Hvernig unnið er með gæðakerfið í einstökum verkum

Skráningu verka í gæðakerfinu fer síðan fram í þrepi 2 og er lýst í köflunum UNDIRBÚNINGUR VERKS annars vegar og FRAMKVÆMDIR í kaflanum "Tölvukerfi" á heimasíðu Hannrrs www.hannarr.com

Hér er sýnt dæmi um þá lýsingu og er lýst hvernig unnið er með gæðakerfið í einstökum verkum. Dæmið er Gæðakerfi byggingarstjóra, en lýsing á öðrum gæðakerfum er hliðstæð.



Gæðastjórnun felst í að tryggja að vörur og þjónusta uppfylli væntingar og kröfur viðskiptavina sem og aðrar kröfur sem gerðar eru, t.d. í lögum og í reglugerðum. Í þessum tilgangi er byggingarstjórnun gert að skyldu í Mannvirkjalögum og byggingarreglugerð að nota gæðakerfi við vinnu sína, sem samþykkt er af Mannvirkjastofnun. Gæðahandbók BYGG-kerfisins uppfyllir þær kröfur.

Stofnun og viðhald gæðakerfa BYGG-kerfisins fer fram frá vali sem nefnist "Gæðakerfi - stofnun og viðhald" og lýst er hér á undan, sjá lýsinguna í kaflanum "Að byrja". Hér skal hins vegar lýst því hvernig unnið er með gæðakerfið í einstökum verkum, en það er nefnt **þrep 2** í gæðakerfinu.

2. Þrep - Skráning í gæðakerfinu

Til að skrá gæðakerfi einstakra verka þá þurfa upplýsingar að liggja fyrir um verkið, svo sem nafn verksins og eigandans, verknúmer, staður, hvort verkið sé byggingarleyfisskipt o.s.frv. Þessar upplýsingar eru skráðar í BYGG-kerfinu í kafla nr. „1.1 Yfirlit yfir verkið“ og þar á svæði sem nefnist „Grunnupplýsingar um verkið“.

Eftir að notandi hefur skráð gæðakerfi sitt þá kemur það sjálfkrafa upp næst þegar hann skráir sig sem ábyrgðaraðila verks á sama sviði (hönnuður, byggingarstjóri osfrv.). Einnig koma sjálfkrafa fram valdar grunnupplýsingar sama verks frá áður nefndum grunnupplýsingum þegar þær hafa verið skráðar í kafla 1.1.

Ekki skal breyta gæðakerfinu í einstökum verkum frá því kerfi sem samþykkt hefur verið, nema í Flokki C, þar eru færðar inn samþykktar sérkröfur verkkaupa í viðkomandi verki ef um er að ræða. Breytingar á gæðakerfinu eru unnar frá valinu „Gæðakerfi – Skráning og viðhald“, eins og áður hefur komið fram.



Gátlistar eru veigamikil gögn í þrepi 2, en þar er merkt við þætti verksins jafnóðum og þeir klárast og eiga þeir að vera útfylltir að fullu í verklok, þ.e. þeir þættir gátlistanna sem eiga við í verkinu.

Hægt er hvenær sem er að fletta upp á leiðbeiningum um notkun gæðakerfisins á heimasíðu Hannars og einnig má horfa á video sem eru á heimasíðunni undir nafninu „Tölvukerfi – myndbönd“.

Lög 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012 gera kröfu um þessa eftirfylgni í einstökum verkum.



Gæðakerfi fyrirtækis:

Pegar fyrirtæki skráir verk í gæðakerfi sínu, þá skráir það grunnupplýsingar verksins í BYGG-kerfinu í kafla „1.1 Yfirlit yfir verkið“, eins og nefnt er hér á undan. Gæta skal þess að skrá þar alla þá liði sem koma fyrir í reitnum „Grunnupplýsingar um verkið“. Sumar af þessum upplýsingum birtast síðan sjálfkrafa í gæðakerfi verksins í reit sem ber nafnið Grunnupplýsingar.

Opnað er á aðgang Mannvirkjastofnunar að gæðakerfi verksins og færð inn „Síðasta dagsetning“. Náð er í nafn þess einstaklings (réttihafa) sem á að vinna undir gæðakerfinu, en hann hefur áður verið skráður undir "Gæðakerfi - Stofnun og viðhald". Undir valinu "Gæðakerfi - Stofnun og viðhald" skráir ábyrgðaraðili hvert leyfisskylt verk sem hann ber ábyrgð á. Þar skráir ábyrgðaraðilinn einnig samskipti sín við Mannvirkjastofnun vegna gæðakerfis verksins eftir því sem við á.

Gæðakerfi einstaklings:

Gæðakerfi einstaklings er unnið eins og er eini munurinn að nafn eintaklingsins er nú ábyrgðaraðili og hann getur ekki skráð aðra einstaklinga í kerfið.

Að þessu uppfylltu þá er gæðakerfið samþykkt af verkkaupa og ábyrgðaraðila gæðakerfisins og verður hluti af samningi þeirra í verkinu.

Hvernig einstök verk eru skráð í gæðakerfinu

Ábyrgðaraðili gæðakerfisins skráir ahugasemdir við hvern þátt gæðakerfisins í flokki A, B og C, í þrepi 2. á meða á verki stendur eftir því sem við á. Hann skráir hvernig hverjum þætti kerfisins er framfylgt og hvort því er framfylgt á þann hátt sem samþykkt gæðakerfi segir til um.

Verkkaupi hefur aðgang að gæðakerfinu og skráningum verksins þar. Hann fylgist með og sannreynir þessar skráningar og gerir athugasemdir ef hann telur ástæðu til.

Eftirlitsaðilar Mannvirkjastofnunar hafa einnig aðgang að gæðastjórnunarkerfunum til reglulegra úttekta á innra eftirliti gæðakerfanna og á því hvernig gæðakerfunum er framfylgt í einstökum verkum.

Þessar úttektir geta leitt til ábendinga eftirlitsaðila um að eitthvað sé áfátt, eitthvað þurfi lagfæringar við innan tiltekis tímafrests eða til kröfu um tafarlausar lagfæringar.

Eftirfylgni ábyrgðaraðila (notanda) fer fram á þrjá vegu:

- Með skráningu
- Með vistun gagna inn í kerfið
- Með tilvísun í gögn í BYGG-kerfinu.

Við hvern þátt er skráð umsögn og gildir það fyrir alla flokkana nema Almenna flokkinn. Öll skráning í þeim flokki fer í gegnum skipunina "Gæðakerfi - Stofnun og viðhald" eins og breytingar á sjálfu gæðakerfinu. Vista má gögn inn í hvern þátt í Flokkum A, B og C og að auki má í **Flokki B** fletta upp á völdum upplýsingum og gögnum í BYGG-kerfinu sjálfu.

Með þessu er verið að tryggja að eftirfylgnin uppfylli kröfur um gæði, lög og reglugerðir.

Gert er ráð fyrir að verkkaupi taki strax upp við ábyrgðaraðila, hugsanleg frávik sem upp koma við framkvæmd gæðakerfisins, í þeim tilgangi að á þeim sé ráðin bót, eða tekið sé á þeim á annan þann hátt sem lög og samningar gera ráð fyrir.

Síðasta færsla í gæðakerfinu skal sýna framkvæmdina í verklok og skal innihalda öll fylgiskjöl sem nefnd eru í kerfinu sem máli skipta.